



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð innkaupa- og framkvæmdaráðs, dags. 8.5.2023 varðandi eftirfarandi mál:

Útboð á endurskoðunarþjónustu

Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar dags. 4. maí 2023, merkt IER22110079, þar sem kannað er hvort gerðar eru athugasemdir við að endurskoðendanefnd hyggist leggja til við borgarstjórn viðsemjanda í kjölfar EES útboðs nr. 15695 á endurskoðunarþjónustu reikningsárin 2023-2027 og verði þar með kosið endurskoðunarfyrirtæki Reykjavíkurborgar og samstæðu hennar í samræmi við 72. gr. laga 138/2011. FAS22100169

Innkaupa og framkvæmdaráð samþykkir að afgreiðsla málsins verði með framlögðum hætti í samræmi við lög 138/2011.

Vísað til borgaráðs.

Lárus Finnbogason og Hallur Símonarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Margrét Lilja Gunnarsdóttir
Fjármála- og áhættustýring
Innkaupaskrifstofa

Hjálagt:

Bréf endurskoðunarnefndar til innkaupa og framkvæmdaráðs dags. 4. maí 2023.

Útboðsskilmálar nr. 15695 – útboð á endurskoðunarþjónustu reikningsárin 2023-2027.



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

Erindi: Útboð endurskoðunarþjónustu

Eitt af lögbundnum verkefnum endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er að setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum. Þar sem ráðningartími núverandi ytri endurskoðenda samstæðu Reykjavíkurborgar og einstakra B-hluta félaga rennur út með endurskoðun ársreiknings 2022 samþykkti borgarráð að efna til útboðs að nýju. Útboðið nær til endurskoðunar ársreiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga og endurskoðunar ársreikninga eftirtalinna B-hluta félaga sem falla innan samstæðu Reykjavíkurborgar:

- Orkuveitu Reykjavíkur samstæða
- Orkuveitu Reykjavíkur sef.
- OR Eigna ohf.
- Orku náttúrunnar ohf.
- ON Power ohf.
- Veitna ohf.
- Endurskoðun á sérstöku uppgjöri vegna dreifiveitu rafmagns til Orkustofnunar
- Orkuveitu Reykjavíkur - Vatns- og fráveitu sf.
- Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf.
- Carbfix hf.
- Coda Terminal hf.
- Ljósleiðarans ehf.
- Félagsbústaða hf.
- Faxaflóahafna sf.
- Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.
- Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
- Sorpu bs.
- Strætó bs.
- Þjóðarleikvangs ehf.

Forval var auglýst 13. janúar 2023 og aðgangur að gagnaherbergi vegna tilboða var veittur 5. apríl þeim fjórum aðilum sem uppfylltu hæfiskröfur forvals. Tilboðsfrestur rann út í dag. Eftirfarandi tilboð bárust frá tveimur endurskoðunarfyrirtækjum og eru fjárhæðir án virðisaukaskatts:

Grant Thornton endurskoðun ehf.	kr. 387.992.190
PricewaterhouseCoopers ehf.	kr. 389.350.000

Af þessu er ljóst að það eru tveir kostir vegna endurskoðunarverkefnisins eins og kveðið er á um í 2. tl. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014. Báðir aðilar uppfylla kröfur sem settar voru fram í forvalsgögnum en Grant Thornton endurskoðun ehf. býður lægra verð. Með bréfi þessu vill endurskoðunarnefnd kanna hvort innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar geri athugasemdir við að nefndin hyggist leggja til við borgarstjórn að Grant Thornton endurskoðun ehf. verði kosið endurskoðunarfyrirtæki Reykjavíkurborgar og samstæðu hennar í samræmi við 72. gr. laga 138/2011.

Virðingarfyllost,

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar
Lára Finnogason, formaður



REYKJAVÍKURBORG

Útboð endurskoðunarþjónustu
Reikningsárin 2023-2027

ÚTBOÐ nr. 15695

Útboðslýsing

Kaupandi:

Reykjavíkurborg og tilgreind b- hluta fyrirtæki

Umsjónaraðili útboðs:

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Mars 2023

Efnisyfirlit

0.	ÚTBODSSKILMÁLAR	4
0.1	Almenn lýsing útboðs	4
0.1.1	Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar	4
0.1.2	Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs	4
0.1.3	Útboðsgögn	4
0.2	Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti	5
0.3	Fylgigögn bjóðanda með tilboði	5
0.4	Gerð, framsetning og afhending tilboðs	5
0.4.1	Tilboð í hluta	5
0.4.2	Fyrirvarar	6
0.4.3	Frávikstilboð	6
0.4.4	Afturköllun tilboða	6
0.5	Opnun tilboða	6
0.6	Forsendur fyrir vali tilboðs	6
0.7	Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna	6
0.8	Samþykki tilboðs og samningur	7
1.	SAMNINGSSKILMÁLAR	7
1.1	Verðlagsgrundvöllur	7
1.2	Greiðslur	7
1.2.1	Rafrænir reikningar	7
1.2.2	UNSPSC vöruflokkun	8
1.3	Samskipti á samningstíma	8
1.3.1	Tengiliðir kaupanda	9
1.3.2	Kröfur verkkaupa á samningstíma	10
1.3.2.1	Almennt	10
1.4	Afhending og afhendingarskilmálar	10
1.5	Févíti	10
1.6	Óviðráðanleg ytri atvik	11
1.7	Ábyrgð og tryggingar	11
1.8	Misræmi í gögnum	11
1.9	Framsal réttinda	11
1.10	Skuldskeyting - undirverktaka	11
1.11	Laun, starfskjör og keðjuábyrgð	12
1.12	Persónuvernd	12
1.13	Vanefndir og uppsögn	12
1.14	Lög og reglugerðir	13
1.15	Ágreiningsmál	13
1.16	Gildistími samnings	13
2.	TÆKNILÝSING	13
3.	LÝSING Á STARFSEMI REYKJAVÍKURBORGAR OG ÞEIRRA FYRIRTÆKJA SEM EIGA AÐILD AÐ ÚTBODINU	15
3.1	Reykjavíkurborg A-hluti	15
3.1.1	Rekstrarform	15
3.1.2	Ársreikningur	16
3.1.3	Fjármála- og áhættustýringarsvið, reikningsskil og uppgjör	16
3.1.4	Upplýsingakerfi	17
3.1.5	Innri endurskoðun og innra eftirlitskerfi	18
3.2	Faxaflóahafnir sf	18
3.2.1	Rekstrarform	18
3.2.2	Ársreikningur	19
3.2.3	Uppgjör	19
3.2.4	Upplýsingakerfi	19
3.2.5	Innra eftirlitskerfi, áhættumat sjá nánar kafla 4	19
3.3	Félagsbústaðir hf.	19
3.3.1	Rekstrarform	19
3.3.2	Ársreikningur	20

3.3.3	Uppgjör	20
3.3.4	Upplýsingakerfi.....	20
3.3.5	Innra eftirlitskerfi, áhættumat sjá nánar kafla 4.....	20
3.4	Malbikunarstöðin Höfði hf.....	20
3.4.1	Rekstrarform	20
3.4.2	Ársreikningur	21
3.4.3	Uppgjör	21
3.4.4	Upplýsingakerfi.....	21
3.4.5	Innra eftirlitskerfi, áhættumat sjá nánar kafla 4.....	21
3.5	Orkuveita Reykjavíkur	21
3.5.1	Rekstrarform	21
3.5.2	Ársreikningur	23
3.5.3	Uppgjör	23
3.5.4	Upplýsingakerfi.....	24
3.5.5	Innra eftirlitskerfi, áhættumat, sjá kafla 4	24
3.6	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	25
3.6.1	Rekstrarform	25
3.6.2	Ársreikningur	25
3.6.3	Uppgjör	25
3.6.4	Upplýsingakerfi.....	25
3.6.5	Innra eftirlitskerfi, áhættumat, sjá nánar kafla 4.....	26
3.7	Sorpa bs.....	26
3.7.1	Rekstrarform	26
3.7.2	Ársreikningur	26
3.7.3	Uppgjör	27
3.7.4	Upplýsingakerfi.....	27
3.7.5	Innra eftirlitskerfi, áhættumat sjá nánar kafla 4.....	27
3.8	Strætó bs.	27
3.8.1	Rekstrarform	27
3.8.2	Ársreikningur	27
3.8.3	Uppgjör	27
3.8.4	Upplýsingakerfi.....	27
3.8.5	Innra eftirlitskerfi, áhættumat.....	28
3.9	Hlutdeildarfyrirtæki	28
3.9.1	Harpa – tónlistar-og ráðstefnuhús ohf.	28
3.9.2	Minjavernd hf.....	28
4.	INNRA EFTIRLITSKERFI REYKJAVÍKURBORGAR OG ÞEIRRA FYRIRTÆKJA SEM EIGA AÐILD AÐ ÚTBODINU.....	29
4.1.1	Almennt um innri eftirlitskerfi samstæðu Reykjavíkurborgar.....	29
4.1.2	Hlutverk og störf endurskoðunarnefndar.....	30
4.1.3	Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar	30
4.1.4	Innri eftirlitskerfi með gerð fjárhagsupplýsinga A-hluta og einstakra B-hluta félaga.....	31
5.	TILBOÐSBÓK.....	32
6.	TRÚNAÐARYFIRLÝSING.....	33
7.	GÁTLISTI FYLGIGAGNA.....	34

0. Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðanda ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu í útboðsgögnum.

0.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd Innkaupaskrifstofa), f.h. Reykjavíkurborgar og tilgreindra B-hluta fyrirtækja, í gögnum þessum einnig nefndur verkkaupi eða þjónustukaupi, óskar eftir tilboðum í endurskoðunarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg vegna reikningsáranna 2023 til og með 2027 með möguleika á framlengingu í allt að fimm ár, eins og nánar er lýst í útboðsgögnum þessum. Um er að ræða lokað útboð þar sem þau fyrirtæki sem uppfylltu hafa kröfur í forvari geta lagt fram tilboð.

Útboð þetta nær til endurskoðunar ársreikninga og könnunar árshlutareikninga eins og fram kemur í verklýsingu í kafla 2.

0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- EES útboð: Já.
- Fyrirspurnarfrestur bjóðanda: 21. apríl 2023 kl. 16:00
- Svarfrestur kaupanda: 28. apríl 2023 kl. 12:00
- Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 4. maí 2023 kl. 10:15
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opnunardegi tilboða.

0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 411-1040

Netfang Innkaupaskrifstofu: utbod@reykjavik.is

Útboðsvefur Reykjavíkurborgar: <http://utbod.reykjavik.is>

Vefsíða Innkaupaskrifstofu: <http://reykjavik.is/utbod>

0.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing þessi nr. 15695
- Tilboðsbók nr. 15695 (Excel skjal sem inniheldur Tilboðsblað, Tilboðsskrá,
- Yfirlýsing um trúnað vegna útboðs nr. 15695 um endurskoðunarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg og tengda aðila, sjá kafla 6
- Ítarefni í aðgangsstýrðu „gagnaherbergi“ fyrir væntanlega bjóðendur, sjá kafla 3
- Viðaukar sem sendir eru út áður en tilboðsfrestur rennur út af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, ef við á, í samræmi við kafla **Error! Reference source not found.**

Hér eftir verður vísað til allra ofangreindra útboðsgagna sem Útboðsgögn nr. 15695.

0.2 Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti

Öll samskipti skulu fara fram með skriflegum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar í gegnum flipann „Samskipti/Correspondence“ fyrir þetta útboð á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða birtir á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Bjóðendur bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

0.3 Fylgigögn bjóðanda með tilboði

- ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögd er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingu tilboðs.

0.4 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsbók og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði og gjöldum sem hann skal bera, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljótask af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar án virðisaukaskatts.

Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu útboði.

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

0.4.1 Tilboð í hluta

Útboði er ekki skipt upp í hluta.

0.4.2 Fyrirvarar

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði hafnað.

0.4.3 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

0.4.4 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út.

0.5 Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð eftir að tilboðsfrestur rennur út.

Opnun tilboða fer fram á opnunarfundi með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Fundargerðin ásamt samantekt sem inniheldur frekari upplýsingar af tilboðsblöðum bjóðenda verður birt opinberlega á vefsíðu Innkaupaskrifstofu eftir opnun tilboða, sjá má niðurstöðu í fundargerð opnunarfundar á vefslóðinni <https://reykjavik.is/opnun-tilboda>

0.6 Forsendur fyrir vali tilboðs

Samið verður við þann aðila sem uppfyllir allar kröfur skv. framangreindu og á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

0.7 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningabætti, hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, mansali eða þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings. Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir framangreind brot, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.

Heimilt er að útiloka bjóðanda frá samningum ef eitthvað af tilvikum sem nefnd eru í 4. og 6. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016 eiga við um hann.

Við mat á því hvort skilyrði 3., 4. og 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup eigi við um bjóðanda skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós atvik samanber ofangreind ákvæði eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

0.8 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Ef tilboði verður tekið mun verða gerður skriflegur samningur við viðkomandi aðila. Fyrir A-hluta, samstæðu Reykjavíkurborgar og fyrirtæki í B-hluta tekur samningurinn til reikningsáranna 2023 til og með 2027.

1. Samningsskilmálar

Í samningsskilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila þegar tilboð hefur verið endanlega samþykkt og eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli. Sá aðili sem kaupandi semur við að loknu innkaupaferli er hér eftir kallaður „seljandi“ og/eða „bjóðandi“..

1.1 Verðlagsgrundvöllur

Leggja skal fram tilboð í íslenskum krónum. Öll tilboðsverð skulu sett fram án virðisaukaskatts.

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljóttast af vegna verkefnisins eins og því er lýst í útboðsgögnum þessum.

Tilboðsverð skulu haldast óbreytt til 31. desember 2023. Á samningstímanum skulu tilboðsverð taka breytingum 1. janúar ár hvert, til hækkunar eða lækkunar, í samræmi við breytingar á launavísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir opinberlega. Grunnvísitala samnings skal vera launavísitala á opunardegi tilboða.

1.2 Greiðslur

Verktaki skal leggja fram lokareikning vegna höfuðverkefnis eftir að ársreikningur A-hluta og samstæðu hefur verið samþykktur af borgarstjórn eða ársreikningur og eftir atvikum árshlutauppgjör hefur verið samþykkt í stjórn hlutaðeigandi B-hluta fyrirtækis.

Verktaki skal gera reikning mánaðarlega, fyrsta dag hvers mánaðar, fyrir þjónustu sem framkvæmd hefur verið almanaksmánuðinn á undan. Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir þjónustu mánuðinn á undan, sundurliðað eftir verkefnum og fyrir hvaða einingu var unnið. Samþykktir reikningar verða greiddir eigi síðar en 30 dögum þaðan í frá. Leiðrétting á reikningi getur þýtt minnst vikutöf á greiðslu til verktaka.

Verktaki gerir rafræna reikninga og skulu þeir stílaðir á tengiliði A-hluta og fyrirtækjanna.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Ef reikningur er ekki sendur samkvæmt forskrift eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

Seljendur sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármála- og áhættustýringarsviðs í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: bokhald@reykjavik.is.

1.2.1 Rafrænir reikningar

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins eftir að vara, þjónusta eða verk hefur verið afhent og samþykkt af kaupanda.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til Reykjavíkurborgar skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **530269-7609 (Reykjavíkurborg – Aðalsjóður)**
- Kostnaðarstaður/deild: 01420
- Útboðsnúmer: 15695
- Sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og eining
- Listaverð án vsk., afsláttarprósenta og afsláttarverð án vsk.
- UNSPSC númer: 93151607S
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: rafraenir.reikningar@reykjavik.is.

Þjóðendur skulu gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafrænna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.

Reikningar til tilgreindra B-hluta fyrirtækja skulu sendir í samræmi við kröfur þeirra.

1.2.2 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opinn staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar. Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): 10000000
- Flokkur (Family): 10100000
- Tegund (Class): 10101500
- Vara (Commodity): 10101501

Reykjavíkurborg gerir kröfu til seljanda að í öllum línnum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

1.3 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

1.3.1 Tengiliðir kaupanda

1.3.1.1 Tengiliður hjá Reykjavíkurborg

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar og/eða starfsmenn sem tilnefndir eru af honum eru tengiliðir verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.2 Tengiliður hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Framkvæmdastjóri Fjármála Orkuveitu Reykjavíkur og/eða starfsmenn sem tilnefndir eru af honum eru tengiliðir verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.3 Tengiliður hjá Félagsbústöðum

Framkvæmdastjóri og/eða starfsmenn sem tilnefndir eru af honum eru tengiliðir verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.4 Tengiliður hjá Faxaflóahöfnum

Hafnarstjóri og/eða starfsmenn sem tilnefndir eru af honum eru tengiliðir verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.5 Tengiliður hjá Malbikunarstöðinni Höfða

Framkvæmdastjóri og/eða starfsmenn sem tilnefndir eru af honum eru tengiliðir verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.6 Tengiliður hjá Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Slökkviliðsstjóri og/eða starfsmenn sem tilnefndir eru af honum eru tengiliðir verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.7 Tengiliður hjá Sorpu

Framkvæmdastjóri og/eða starfsmenn sem tilnefndir eru af honum eru tengiliðir verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.8 Tengiliður hjá Strætó

Framkvæmdastjóri og/eða starfsmenn sem tilnefndir eru af honum eru tengiliðir verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.9 Tengiliður hjá Aflvaka

Stjórnarformaður er tengiliður verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.10 Tengiliður hjá Þjóðarleikvangi

Stjórnarformaður er tengiliður verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.1.11 Tengiliður hjá Jafnlaunastofu

Framkvæmdastýra er tengiliður verkkaupa. Verkkaupi tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu hjá sér og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

1.3.2 Kröfur verkkaupa á samningstíma**1.3.2.1 Almenn**

Verkkaupi gerir þær kröfur til verktaka að hann vinni verk sitt af alúð og samviskusemi og í samræmi við gildandi lög, reglur og alþjóðlega staðla á þessu sviði, á hverjum tíma.

1.3.2.1 Hæfi og tilskilin leyfi

Verktaki skal uppfylla allar kröfur um hæfi allan samningstímann.

1.3.2.2 Þjónustustig verktaka

Greiður og skjótur aðgangur að verktaka er nauðsynlegur til þess að framkvæmd samnings verði sem farsælust. Verktaki skal á samningstímanum tryggja góða þjónustu sem fullnægir þörfum verkkaupa. Allan samningstímann skal verktaki hafa á að skipa a.m.k. þeim fjölda löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga sem tilboð hans tilgreinir. Tungumál skjala og samskipta milli verktaka og verkkaupa er íslenska.

1.3.2.3 Stjórn og umsjón verkefnis hjá verktaka

Hjá verktaka skal stjórnun verkefnisins gagnvart A-hluta og einstökum fyrirtækjum vera öll á einni hendi, þannig að fulltrúar Reykjavíkurborgar og einstakra fyrirtækja þurfi aðeins að hafa samband við einn aðila vegna viðskiptanna og hugsanlegra vandamála sem upp kunna að koma.

1.3.2.4 Aðrar kröfur varðandi verktaka

Verkkaupi gerir þá kröfu til verktaka að þjónustu hans við Reykjavíkurborg og einstök fyrirtæki í þessu útboði verði sinnt fljótt og vel og erindum og fyrirspurnum verkkaupa verði ávallt sinnt innan tveggja daga frá því að þær bárust, nema eðli þeirra sé slíkt að útilokað sé að sinna þeim innan frestsins.

1.4 Afhending og afhendingarskilmálar

Gert er ráð fyrir að þjónusta vegna verkefnisins sem tekur til endurskoðunar ársins 2023 hefjist eigi síðar en 1. júlí 2023, eða samkvæmt nánari ákvörðun samningsaðila.

1.5 Févíti

Dragist afhending umfram umsamin skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til kaupanda, þá getur kaupandi krafist seljanda um féviti 0,2% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern byrjaðan almanaksdag sem afhending dregst umfram umsamin skiladag. Þó skal hámark févita vera sem svarar 10% af heildarsamningsfjárhæð. Sé hámarki févita náð telst það veruleg vanefnd á samningi. Heimilt er að skuldajafna af heildarsamningsfjárhæð hafi greiðslur vegna févitis ekki skilað sér.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur

ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki takmarka kaupanda til að sækja frekari bóta sé þess þörf vegna drátta á afhendingu skv. lögbundnum vanefndarúrræðum gangi þau lengra en ákvæði þetta.

1.6 Óviðráðanleg ytri atvik

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. viðskiptahamlana, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópslysa, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða truflunar á fjarskiptum eða orkuveitum skal seljandi eða kaupandi tilkynna eins fljótt og við verður komist um slíkar aðstæður og skilgreina á hvaða hátt það hefur áhrif á samningsskyldur þeirra. Séu einhverjar af ofantöldum aðstæðum fyrir hendi skal ekki beita vanefndarúrræðum ef seljanda eða kaupanda er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar enda hafi slíkar aðstæður verið tilkomnar eftir gildistöku samnings og ekki fyrirsjáanlegar í aðdraganda samnings.

1.7 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfssemi.

1.8 Misræmi í gögnum

Lögð er rík skylda á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega. Ef seljandi verður var við ósamræmi í útboðsgögnum eftir að samningur er kominn á skal seljandi tafarlaust tilkynna kaupanda það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er seljandi eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Vanræki seljandi að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi vara er afhent fellur réttur seljanda til bóta niður. Kaupandi á rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð sem leiða af framansögðu.

1.9 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum. Einnig er seljanda óheimilt, án sérstaks samþykkis kaupanda, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkefninu og kaupandi hefur greitt fyrir.

Vara sem kaupandi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda vörunnar, án sérstaks samþykkis kaupanda.

1.10 Skuldskeyting - undirverktaka

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti, í kjölfar samþykktar kaupanda, skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

Þá skal kaupanda heimilt að greiða vangoldnar greiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svarar til launatengdra greiðslna, á kostnað seljanda standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur sbr. 42. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Efni seljandi ekki samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði þessa kafla er kaupanda heimilt að beita ákvæðum sem fram koma í kafla 1.5 og í kafla 1.13.

1.12 Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga). Lögin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Í útboðsgögnum þessum er ekki gert ráð fyrir að bjóðendum verði falin vinnsla persónuupplýsinga á vegum Reykjavíkurborgar sem ábyrgðaraðila í skilningi 7. tl. 3. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 á samningstímanum. Komi upp síðar á gildistíma samnings að slík vinnsla persónuupplýsinga verði þörf skal engin vinnsla fara fram af hálfu vinnsluaðila fyrr en búið er að gera grein fyrir umfangi vinnslu persónuupplýsinga og heimildum til vinnslu þeirra samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga í vinnslusamningi samkvæmt 25 gr. laganna og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til vinnsluaðila lögum samkvæmt.

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar má sjá í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

1.13 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðsgagna þessa. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita féviti sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

1.14 Lög og reglugerðir

Seljandi skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Seljandi skal tryggja að afhent vara og/eða þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að á hverjum tíma út samningstímann.

1.15 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi útboðslýsing fjallar um, skulu aðilar reyna sitt ítrasta til að ná sáttum og jafnvel leita formlegrar sáttamiðlunar hjá sáttamiðlara en að öðrum kosti skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

1.16 Gildistími samnings

Útboðið tekur til reikningsáranna 2023 til og með 2027 með framlengingarheimild í allt að 5 ár, eða 5 x 1 ár í senn.

2. Tæknilýsing

Verkefnið sem útboðið nær til er endurskoðun og könnun eftir því sem nánar er kveðið á um hér á eftir.

Endurskoðun fer eftir gildandi lögum um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga, alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum og stöðlum um gæðastjórnun, sem og fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og annarra laga, reglna og staðla eftir því sem við á.

Innifalið í verkefninu er allt það ferli sem fram þarf að fara fram við endurskoðun/könnun hjá Reykjavíkurborg og tilgreindum félögum skv. ofangreindum lögum, reglum og stöðlum, þ.á.m. endurskoðunarskýrslur, allir fundir til undirbúnings og framkvæmdar endurskoðunar/könnunar, s.s. fundir með stjórnendum, stjórnnum, innri endurskoðanda, endurskoðunarnefnd og öðrum sem kunna þurfa að koma að reikningsskilum og innra eftirliti viðkomandi eininga. Með sama hætti er innifalinn allur yfirlestur gagna, fjárhagslegra upplýsinga í ársskýrslum og yfirferð á ófjárhagslegum upplýsingum samkvæmt ársreikningalögum, þar með talið ársreikningar á ensku.

Innifalið í verkefninu er einnig vinna sem fellur til við endurskoðun/könnun vegna breytinga á reglum og/eða lagaumhverfi sem vísað er til í þessum kafla.

Nánari útlistun á verkefninu:

- A. Endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Aðalsjóður og eignasjóður mynda A-hluta borgarjóðs sbr. 1. tl. 1. mgr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur samstæðu Reykjavíkurborgar samanstendur af A-hluta og fyrirtækjum í meirihluta eigu Reykjavíkurborgar sem mynda B-hluta sbr. 2. tl. 60 gr. sveitarstjórnarlaga.
- B. Endurskoðun ársreikninga eftirtalinnna B-hluta félaga sem Reykjavíkurborg á 50% eignarhlut í eða meira:
 - a) Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur sef, þ.e. samstæða, móðurfélag OR og dótturfyrirtækin:
 - OR eignir ohf.
 - Veitur ohf.
 - Orka náttúrunnar ohf.

- ON Power ohf.
 - Ljósleiðarinn ehf.
 - Orkuveita Reykjavíkur sef. – Vatns og fráveita sf.
 - Carbix ohf.
 - Carbfix hf. Hefur starfsemi 2023
 - Coda Terminal ehf.
- b) Félagsbústaðir hf,
 - c) Faxaflóahafnir sf.
 - d) Malbikunarstöðin Höfði hf.
 - e) Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
 - f) Sorpa bs.
 - g) Strætó bs.
 - h) Þjóðarleikvangur ehf.

C. Könnun á eftirfarandi árshlutareikningum:

- a) Könnun á sex mánaða uppgjöri fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar fyrir reikningsárin 2023 til 2027. Verkkaupi áskilur sér rétt til að sleppa 6 mánaða könnun og fellur þá niður viðkomandi greiðsla samkvæmt tilboðsskrá.
 - b) Árshlutareikningum samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur sef. og Ljósleiðarinn ehf. fyrir sex mánaða uppgjör reikningsársins. Verkkaupi áskilur sér rétt til að sleppa einstaka könnunum og fellur þá niður viðkomandi greiðsla samkvæmt tilboðsskrá.
- Könnun skal gerð í samræmi við alþjóðlegan staðal um könnunarverkefni ISRE 2410 (*Review of Interim Financial Information Performed by the Independent Auditor of the Entity*).

Gerð ársreiknings samstæðunnar og A-hluta fellur undir ábyrgð sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir hönd borgarráðs sbr. 3. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og gerð ársreikninga og árshlutareikninga einstakra B-hluta félaga er á ábyrgð stjórnna þeirra sbr. þau lög og eftir atvikum samþykktir sem um þau gilda. Um skil á endurskoðuðum ársreikningi A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar fer eftir ákvæðum í 3. og 4. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga. Endurskoðuðum ársreikningum B-hluta félaga skal skilað eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar sem jafnframt gegnir hlutverki endurskoðunarnefndar fyrir hvert og eitt B-hluta fyrirtæki innan samstæðunnar hefur eftirlit með endurskoðun ársreiknings A hluta og samstæðureiknings A- og B hluta Reykjavíkurborgar og endurskoðun ársreikninga B-hluta fyrirtækjanna í samræmi við IX. kafla laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Útboð þetta nær einungis til endurskoðunar, þ.m.t. könnun sbr. staflíð C hér að ofan. Væntanlegum verktaka ber að taka mið af þeim óhæðiskröfum sem fram koma í V. kafla laga 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglum endurskoðenda. Væntanlegum verktaka verður ekki heimilt að taka að sér önnur störf en útboðið nær til án samþykkis endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar vegna hlutverks hennar gagnvart samstæðunni í heild og gagnvart stjórnnum einstakra B-hluta fyrirtækja sbr. verklagsreglu nefndarinnar sem samþykkt var á fundi nefndarinnar hinn 9. desember 2019. Tímagjald fyrir vinnu skv. þessu ákvæði fer eftir tímagjaldi í tilboði, sbr. tilboðsskrá.

Á samningsdegi má væntanlegur verktaki ekki vera innri endurskoðandi einstakra fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar sbr. gr. 290 200 í siðareglum endurskoðenda.

Væntanlegur verktaki skal gæta þess að öll vinna hans sé í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og gildandi staðla sem störf hans varða.

Að lokinni endurskoðun skal verktaki skila endurskoðunarskýrslu til borgarstjórnar vegna A-hluta og samstæðu borgarinnar og til stjórna viðkomandi fyrirtækja vegna B-hluta.

Komi til þess að rekstrareining verði aflögð eða seld út úr samstæðu Reykjavíkurborgar á samningstímabilinu skal samningsfjárhæðin þá lækka um samsvarandi fjárhæð og boðið var í viðkomandi einingu í tilboðsskrá.

Komi ný rekstrareining inn í samstæðu Reykjavíkurborgar skal verktaki, að kröfu verkkaupa, endurskoða hana. Skal í þessu tilviki miða útreikning við sömu einingaverð og byggt er á í samningi og skal umfang miðast við sambærilegar rekstrareiningar innan samstæðunnar. Þá skal samsetning endurskoðunarteymis vera með sambærilegum hætti og í samningi. Verkkaupi er ekki skuldbundinn til þess að semja við verktaka um þjónustu vegna nýrrar rekstrareiningar.

3. Lýsing á starfsemi Reykjavíkurborgar og þeirra fyrirtækja sem eiga aðild að útboðinu

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru almennar skyldur sveitarfélags að annast þau verkefni sem því er falið í lögum. Sveitarfélagið skal vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Það getur jafnframt tekið að sér hvert það verkefni sem íbúa þess varðar, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum. Sveitarfélagið hefur sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast.

Um fjármál sveitarfélaga er fjallað í VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en samkvæmt 60. gr. laganna skal starfsemi sveitarfélaga skipt í tvo flokka. Annars vegar í A-hluta sem nær yfir sveitarsjóð, Aðalsjóð sveitarfélagsins, og aðra sjóði og stofnanir er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum þess. Hins vegar B-hluta sem tekur yfir stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar. Fyrirtæki og rekstrareiningar sem falla undir B-hluta eru: Aflvaki hf., Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningarhöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur sef., Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs., Strætó bs. og Þjóðarleikvangur ehf. Rekstur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Strætó er að mestu leyti fjármagnaður með framlögum frá eignaraðilum og er hlutur Reykjavíkurborgar gjaldfærður hjá Aðalsjóði. Hluti af þjónustutekjum Íþrótt- og sýningahallar og Sorpu er hluti af gjöldum málaflókka innan Aðalsjóðs. Að öðru leyti eru fyrirtækin fjármögnuð með þjónustutekjum. Í áætlun og uppgjöri samstæðu er millivíðskiptum jafnað út milli A-hluta og B-hluta. Endurskoðun Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. er ekki innifalin í útboðinu en vakin er athygli á að hún er hluti af samstæðunni.

Þegar vísað er til samstæðu er átt við samantekinn reikning A-hluta og B-hluta.

3.1 Reykjavíkurborg A-hluti

3.1.1 Rekstrarform

A-hluti samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Í Aðalsjóði birtist rekstur málaflókka og þjónusta við íbúa borgarinnar sem fjármagnaður er með skatttekjum og þjónustutekjum. Í Eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna, auk sérstakra skipulagsverkefna. Samkvæmt ákvörðun borgarráðs er rekstur bílastæðasjóðs staðsettur á Umhverfis- og skipulagssviði og tilheyrir Aðalsjóði.

Þjónusta Reykjavíkurborgar er skipulögð af sex fagráðum og fimm fagsviðum sem fara með faglegt forræði hvert yfir sínu málefni á grundvelli starfs- og fjárhagsáætlana sem borgarráð og borgarstjórn hafa samþykkt. Starfsstöðvar Reykjavíkurborgar eru um 280 talsins. Að auki eru þrjú

kjarnasvið sem starfa þvert á önnur svið borgarinnar en þau eru fjármála- og áhættustýringarsvið, mannauðs- og starfsþróunarsvið og þjónustu- og nýsköpunarsvið. Eignaskrifstofa annast eignasjóð. Yfirmenn sviða og stofnana bera hver um sig ábyrgð á innra eftirliti hjá sínum sviðum/stofnunum en stjórnunarleg eftirfylgni með innra eftirliti Reykjavíkurborgar er hjá miðlægum stjórnsýsluskrifstofum, einkum borgarritara, fjármála- og áhættustýringarsviði og skrifstofu borgarlögmanns auk Innri endurskoðunar og ráðgjafar. Starfsumhverfi sviða og stofnana borgarinnar er ákveðið með skilgreiningu á hlutverki þeirra og samþykktari starfs- og fjárhagsáætlun en einnig með leikreglum sem mynda kjarna eftirlitskerfis borgarinnar.

3.1.2 Ársreikningur

Sjá ársreikninga A-hluta, þar með talið uppgjör Aðalsjóðs, Eignasjóðs og samantekinn reikning A- og B-hluta í gagnaherbergi.

Reikningsskil byggðasamlaganna auk sameignarfélaganna Faxaflóahafna og Jafnlaunastofu eru tekin inn í samantekinn reikning A- og B- hluta miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Reykjavíkurborg innleiddi þessa breytingu frá og með 1. janúar 2021.

3.1.3 Fjármála- og áhættustýringarsvið, reikningsskil og uppgjör

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS) Reykjavíkurborgar hefur yfirumsjón með fjármálastjórn hjá Reykjavíkurborg, þ.e. A-hluta sveitarsjóðs. Þannig ber sviðsstjóri FAS stjórnsýslulega ábyrgð á fjárhagsbókhaldi, reikningsskilum, uppgjörum, innheimtum, fjárreiðum og fjármögnun fjárfestinga og rekstrar í A-hluta sveitarsjóðs. Sviðsstjóri FAS starfar með borgarstjóra að undirbúningi ársreiknings A-hluta og samanteknum ársreikningi borgarinnar og Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur fram greinargerð með ársreikningi. Sviðsstjóri FAS kynnir borgarstjóra og borgarráði mánaðarlega rekstraryfirlit. Þegar árshlutauppgjör og rekstrarniðurstaða ársins liggja fyrir gerir sviðsstjóri FAS borgarráði grein fyrir rekstri, fjárfestingum og frávikum frá áætlun.

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs leggur reglubundið fyrir borgarráð (stjórn):

- Verk- og tímaáætlun um framkvæmd og framlagningu á uppgjörum ársins.
- Mánaðaruppgjör (óendurskoðað) fyrir A-hluta með frávikagreiningum sviða um 45 dögum eftir lokun hvers reikningstímabils
- Rekstraruppgjör (óendurskoðað) jan-mars fyrir A-hluta ásamt skýrslu með frávikagreiningum, efnisreifun og ábendingum
- Árshlutauppgjör (óendurskoðað) jan-júní og jan-sept fyrir A-hluta og samantekinn reikning A- og B-hluta ásamt skýrslu með frávikagreiningum, efnisreifun og ábendingum
- Ársreikning fyrir A-hluta og samantekinn reikning A- og B-hluta ásamt skýrslu með frávikagreiningum, efnisreifun og ábendingum.
- Tekjuáætlun A-hluta næsta fjárhagsár og til næstu fimm ára (unnin í maí)
- Mat á útgjaldapoli A-hluta næsta fjárhagsár og til næstu fimm ára (lagt fram í maí)
- Fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu ásamt greinargerð og umsögnum um fjárhagsáætlanir einstakra B-hluta fyrirtækja (lagt fram í október)
- Fimm ára áætlun A- og B-hluta og A-hluta ásamt greinargerð með sviðsmyndagreiningum (lagt fram í október)

Bókhaldsskrifstofa FAS sér um daglegan rekstur bókhalds og afstemmingar.

Fjárstýringarskrifstofa FAS annast lánsfjáröflun og lánastýringu, lausafjárstýringu, innheimtur og

greiðslumiðlun.

Áætlana- og uppgjörsskrifstofa FAS semur mánaðaruppgjör, árshlutauppgjör og ársreikning A-hluta og A- og B-hluta. Áætlana- og uppgjörsskrifstofa ber ábyrgð á virðisaukaskattsskilum A-hluta og ráðgjöf þar að lútandi. Skrifstofan hefur umsjón með uppgjörskerfi borgarinnar UNIT4 FPM (Agresso). Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur fyrir borgarráð í upphafi hvers árs verk- og tímaáætlun vegna undirbúnings og framlagningar mánaðaruppgjöra A-hluta, árshlutauppgjöra og ársreiknings. Helstu afurðir Áætlunar- og uppgjörsskrifstofu eru: Ársreikningur ásamt greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs með ársreikningi, árshlutauppgjör ásamt greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs og mánaðaruppgjör A-hluta, sjá gagnaherbergi. Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur uppgjörin fyrir borgarráð.

Til að tryggja skilvirka og samhæfða framkvæmd undirbúnings uppgjöra sendir uppgjörssdeild fyrirmæli til sviðsstjóra og framkvæmdastjóra B-hluta fyrirtækja varðandi uppgjörin og skýrslugjöf með uppgjörum. Í gæðahandbók er lýst verklagsreglum og verkferlum í tengslum við uppgjör, sjá gagnaherbergi.

Reikningsskilareglur: Ársreikningur skal gerður samkvæmt sveitarstjórnarlögum og reglugerðum samkvæmt þeim, ákvæðum laga um bókhald og ársreikninga svo og öðrum góðum bókhalds- og reikningsskilavenjum eftir því sem við á.

Ársreikningur A-hluta, þar með talið Aðalsjóðs og Eignasjóðs, er tilbúinn til endurskoðunar 15. mars ár hvert.

Ársreikningur samantekins reiknings A-og B-hluta Reykjavíkurborgar er tilbúinn til endurskoðunar 31. mars ár hvert.

3.1.4 Upplýsingakerfi

Fjárhagsbókhaldskerfi: Agresso fjárhagsupplýsingakerfi (UNIT4 ERP), er með m.a. fjárhagsbókhaldi, viðskiptamannakerfi, sölu-/áskriftakerfi, lánardrotnakerfi, verkbókhaldi, eignaskráningum, afskriftum, dagpeningakerfi, sölukerfi og áætlunarkerfi. Agresso tekur á móti rafrænum reikningum frá birgjum í gegnum alla helstu skeytamiðlara (s.s. Sendil, Inexchange og Skeytamiðlun Advania). Árlegur línufjöldi í A- hluta er um 6,5 milljónir. Mótteknir reikningar eru um 306 þúsund árlega, þar af eru rafrænir reikningar um 270 þúsund.

Samstæðuuppgjör- og áætlunarkerfi: UNIT4 FPM þar sem haldið er utan um prófjöfnuði A-hluta og B-hluta fyrirtækja ásamt samstæðufærslum. Árs- og árshlutareikningar ásamt fjárhagsáætlunum A-hluta og A-og B-hluta eru unnir í kerfinu.

Mannauðs- og launakerfi: SAP mannauðs- og launakerfi frá Applicon sem hýst er hjá Nýherja. Enn fremur sérsmiðað tímaskráningarkerfi, Vinnustund, frá Advania (áður Skýrr) sem hýst er hjá Advania.

Skuldabréfakerfi: Microsoft dynamics NAV kerfi sem er sjálfstætt kerfi en með tengingu við Unit4 Agresso. Þjónustusamningur er við Wise hf. um uppfærslur og tæknilega aðstoð. Skuldabréfakerfið heldur utan um skuldabréfakröfur aðalsjóðs, skuldir aðalsjóðs og eignasjóðs og skuldabréf á milli sjóða.

Bílastæðasjóður, Innheimta stöðubrota - Álagningar- og málakerfi Bílastæðasjóðs - Ideka

Bílastæðasjóður, Innheimta íbúakorta - Ideka

Bílastæðasjóður, Innlestur miðamæla – Verifone

BRP- Afgreiðslu- og aðgangsstýringarkerfi ITR: Kerfið heldur utan um aðgangsskráningu/stýringu, tekjuskráningu vegna miðasölu, leigu, vörusölu og veitingasölu á starfsstöðum ITR. (Sundlaugar, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarð.

Erindreki USK: Málaskrá byggingafulltrúa sem heldur utan um málefni tengdum framkvæmdum og álagningu vegna þeirra.

Centara kassakerfi er í notkun hjá nokkrum aðilum svo sem ÍTR, MOF, mötuneytum Ráðhúss og Höfðatorgs o.fl.

Master Cater: *Heldur utan um tekjur vegna fæðis á félagsmiðstöðum, heimsendingu á fæði, þvott, tómstundastarf og vinnustofu í Seljahlíð. Sérfræðingar VEL setja af stað. Gögn sótt í MSSQL gagnagrunn Master Cater. Keyrslan endar í sölupöntun, sem er síðan reikningagerð.*

Rafræn Reykjavík, Idega kerfi sendir kröfur vegna frístundaheimila, sumarnámskeiða, skólagarðar, skólahljómsveita og skólamötuneytis til Agresso.

Lotus notes - Málaskrá Velferðarsviðs: Fulltrúar á þjónustumiðstöðvum og starfsmenn á skrifstofu velferðarsviðs skrá inn og viðhalda upplýsingum um húsaleigubætur, velferðastyrki og lán í málaskránni. Upplýsingar flytjast inn í U4 ERP, þar sem þær eru gjaldfærðar og greiddar. Kerfið sendir einnig kröfur vegna heimaþjónustu inn í U4.

Lotus notes – Heilbrigðiseftirlit: Málaskrá (Erindrekakerfi) Umhverfis- og skipulagssviðs vegna Heilbrigðiseftirlits. Kröfur lesnar inn í U4 sem gerir sölureikninga og sendir körfur í banka.

MainManager verkumsjónarkerfi ES: Verkbeiðnir stofnaða í MainManager og eru vélrænt stofnaðar í U4 ERP. Færslur færast frá U4 inn í MainManager á viðeigandi verkbeiðnir.

QlikView: Lyklaborð stjórnenda

Vala leikskólakerfi. Kerfið sendir inn kröfur og greiðslur í Agresso.

Vala Matur: Mötuneyti grunnskóla

Vala Frístundakerfi: Skráning og tekjur frístundaheimili SFS, sumarfrístund námskeið SFS og námskeið MOF.

3.1.5 Innri endurskoðun og innra eftirlitskerfi

Innri endurskoðun og ráðgjöf er borgarráði, borgarstjóra og öðrum stjórnendum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um mál sem lúta að innri endurskoðun og meðferð og nýtingu fjármuna Reykjavíkurborgar. Meðal annars kemur skrifstofan með ábendingar varðandi innra eftirlit og um aðgerðir sem ætlað er að auka skilvirkni borgarkerfisins. Starfsemin byggir á stöðlum alþjóðasamtaka innri endurskoðenda og hefur skrifstofan farið í gegnum ytra gæðamat á fylgni við staðlana.

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar hefur reglulega gefið út skýrslur um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar.

Sjá nánar kafla 4.

3.2 Faxaflóahafnir sf

3.2.1 Rekstrarform

Fyrirtækið Faxaflóahafnir er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera ábyrgð með eignarhlutum sínum á rekstrinum. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Um rekstur Faxaflóahafna sf, sem og annarra hafna landsins, gilda [hafnalög](#) nr. 61/2003, sem tóku gildi 1. júlí 2003. Önnur lög og reglugerðir, sem hafnir starfa eftir eru t.d.:

- ✓ [Hafnarreglugerð fyrir Faxaflóahafnir sf](#)
- ✓ [Reglugerð um hafnamál](#)

- ✓ [Lög um varnir gegn mengun hafs og strandar](#)
- ✓ [Lög um siglingavernd](#)
- ✓ [Lög um leiðsögu skipa](#)
- ✓ [Lög um stjórn fiskveiða](#)
- ✓ [Reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla](#)

Með gildistöku núverandi hafnalaga fellur rekstur hafna undir lög um virðisaukaskatt og hefur ríkisskattstjóri gefið út [leiðbeiningar um virðisaukaskatt af rekstri hafna](#).

3.2.2 Ársreikningur

Sjá ársreikninga í gagnaherbergi.

3.2.3 Uppgjör

Reikningsskilareglur: Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

Ársreikningur er tilbúinn til endurskoðunar 15. febrúar ár hvert og skal endurskoðun lokið innan eins mánaðar frá þeim tímamörkum.

3.2.4 Upplýsingakerfi

Hér að neðan er lýst helstu verkferlum tölvukerfa, hvernig gögn færast milli kerfa og úrvinnsla gagna.

Megin hugbúnaðarkerfin eru þessi.

- Business Central: Fjárhagsbókhald. Viðskiptamannabókhald. Vörukerfi. Innheimtakerfi. Gjaldkera- og greiðslukerfi. Áætlanir. Verkbókhald. Greiningaskýrslur.
- Hafnarkerfið (sérsníðað): Skipakomur. Farmskrár
- Workpoint: Skjalakerfi. Ábendingakerfi. Gæðakerfi. Gæðahandbók. Mannauðslausnir o.s.frv.
- Office 365: Excel. Word. PowerPoint. Outlook. Sharepoint o.s.frv.
- Ýmis önnur forrit.

Kerfin eru hýst í skýjaumhverfum.

3.2.5 Innra eftirlitskerfi, áhættumat sjá nánar kafla 4

Hjá Faxaflóahöfnum sf. eru í gildi verkferlalýsingar um störf og starfskröfur auk þess sem stjórn Faxaflóahafna sf. hefur sett sér starfsreglur. Á grundvelli verkferla er tekjumyndun, útgjöld, lánasafn og framkvæmdir skoðuð innan ársins ýmist heildstætt eða með úrtaki. Hvoru tveggja er aðgengilegt í þeim gögnum sem liggja til grundvallar útboði þessu. Á þriggja mánaða fresti er unnið rekstrar- og framkvæmdayfirlit sem farið er yfir m.t.t. gildandi fjárhagsáætlunar og Reykjavíkurborg sent 6 og 9 mánaða uppgjör rekstrar og efnahags. Á grundvelli þessara yfirlita eru einstök mál skoðuð nánar eftir því sem tilefni gefur til.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur er jafnframt endurskoðunarnefnd Faxaflóahafna og Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar sér um innri endurskoðun, en í því felst m.a. að leggja mat í virkni innra eftirlits. Innri endurskoðun hefur gefið út skýrslu um mat á innra eftirliti Faxaflóahafna skv. COSO skilgreiningu. (Sjá nánar um hlutverk Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar í kafla 4).

3.3 Félagsbústaðir hf.

3.3.1 Rekstrarform

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um eignarhald, rekstur og uppbyggingu leiguhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Félagsbústaðir hf. eiga og reka yfir 3.000 leiguíbúðir í Reykjavík. Félagið hefur sérstaka stjórn.

3.3.2 Ársreikningur

Sjá ársreikninga í gagnaherbergi.

3.3.3 Uppgjör

Reikningsskilareglur: Félagsbústaðir gera reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Ársreikningur er tilbúinn til endurskoðunar 15. febrúar ár hvert og skal endurskoðun lokið innan eins mánaðar frá þeim tímamörkum.

3.3.4 Upplýsingakerfi

Bókhaldskerfi: Félagsbústaðir eru með fjárhagsupplýsingakerfi frá Agresso/UNIT4 með fjárhagsbókhaldi, viðskiptamannakerfi, sölu-/áskriftarkerfi, lánardrottnakerfi, eigna-skráningum og sölukerfi. Kerfið er hýst á gagnagrunnsmiðlara Reykjavíkurborgar. Húsrekstrarkerfi S5 frá Advania sér um skráningarsögu fjárfestingareigna/íbúða, verkbeiðna, leigusamninga og gerð leigureikninga (keyrðir inn í Agresso), umsóknir um úthlutanir og utanumhald um húsaleigubætur. Launaforritið H-laun frá Advania, auk þess er skuldabréfakerfi í Buisness Central frá Wise. Félagsbústaðir nota skjalakerfið CoreData og það heldur utanum öll mál sem myndast í fyrirtækinu hvaðan sem þau koma og hvort sem þau snúa að leigjanda, húsnæði, innra starfi, stjórn o.s.frv. Auk þessa eru Office forritin s.s; Word, Excel, Outlook og PowerPoint.

3.3.5 Innra eftirlitskerfi, áhættumat sjá nánar kafla 4

Á fjármálasviði starfa sjö manns. Þrír bókarar, aðalbókari, tveir sérfræðingar og fjármálastjóri. Tveir bókarar eru í bókunum á innkaupareikningum og afstemmingum birgja. Síðan er einn bókarari sem sér um bókun húsfélagareikninga og bókanir tengdar viðskiptamannabókhaldi. Aðalbókari hefur yfirumsjón með bókhaldi, aðgangsmálum bókhaldskerfis, stofnun birgja og afstemmingum. Sérfræðingur á fjármálasviði annast keyrslu leigureikninga, launakeyrslu og gjaldkerastörf. Sérfræðingur í fjármálum og viðskiptagreind heldur utan um lánasafn og stofnframlög félagsins ásamt því að vinna að þróun viðskiptagreindar. Fjármálastjóri er sviðsstjóri fjármálasviðs. Hann leysir sérfræðing á fjármálasviði af varðandi launakeyrslu og gjaldkerastörf. Sérfræðingur á fjármálasviði og fjármálastjóri eru þeir einu sem eru með greiðsluheimild.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur er jafnframt endurskoðunarnefnd Félagsbústaða og Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar sér um innri endurskoðun fyrir fyrirtækið en í því felst m.a. að leggja mat á virkni innra eftirlits. Innri endurskoðun hefur gefið út skýrslu um mat á innra eftirliti Félagsbústaða skv. COSO skilgreiningu. (Sjá nánar um hlutverk Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar í kafla 4).

3.4 Malbikunarstöðin Höfði hf.

3.4.1 Rekstrarform

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag.

Malbiksmarkaður er að mestu í höndum þriggja fyrirtækja, COLAS Ísland, Malbikunarstöðvarinnar Höfða, og Malbikstöðvarinnar. Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur sérstaka stjórn.

3.4.2 Ársreikningur

Sjá ársreikninga í gagnaherbergi

3.4.3 Uppgjör

Ársreikningur er tilbúinn til endurskoðunar 15. febrúar ár hvert og skal endurskoðun lokið innan eins mánaðar frá þeim tímamörkum.

Reikningsskilareglur: Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

3.4.4 Upplýsingakerfi

Fjárhagsupplýsingakerfi Malbikunarstöðvarinnar Höfða er Dynamics 365 Business Central

Launakerfi er H3 laun.

3.4.5 Innra eftirlitskerfi, áhættumat sjá nánar kafla 4

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur er jafnframt endurskoðunarnefnd Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. og Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar sér um innri endurskoðun en í því felst m.a. að leggja mat á virkni innra eftirlits. Innri endurskoðun hefur gefið út skýrslu um mat á innra eftirliti Malbikunarstöðvarinnar Höfða skv. COSO skilgreiningu. (Sjá nánar um hlutverk Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar í kafla 4).

3.5 Orkuveita Reykjavíkur


3.5.1 Rekstrarform

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrtæki sem starfar eftir lögum nr. 136/2013 og reglugerð nr. 297/2006. Eigendur OR eru þrjú sveitarfélög; Reykjavíkurborg (93,539%), Akraneskaupstaður (5,528%) og Borgarbyggð (0,933%). Eigendur OR hafa samþykkt eigendastefnu fyrir fyrirtækið og rekstur þess. Samstæða OR framleiðir, dreifir og selur rafmagn, heitt vatn og kalt vatn auk þess að reka fráveitur og gagnaveitu á þéttbýlasta hluta Íslands. Starfsræksla vatnsveitu og fráveitu eru lögboðin verkefni sveitarfélaga. Dreifing rafmagns og rekstur hitaveitu í þéttbýli er starfsemi háð sérleyfi. Framleiðsla rafmagns, sala rafmagns og gagnaflutningur er rekin í samkeppni við aðra aðila á þeim mörkuðum. OR stundar einnig starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Kjarnastarfsemi OR er skilgreind svo í eigendastefnu: „Kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur felst í rekstri vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu, sölu og framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni. Orkuveita Reykjavíkur getur nýtt þekkingu fyrirtækisins til þátttöku í öðrum veiturekstri, s.s. rekstri gagnaveitu, enda þjóni hann markmiðum eigenda og þátttakan hljóti samþykki þeirra.“

Til samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur teljast móðurfélagið og dótturfyrirtækin OR Eignir ohf., OR Vatns- og fráveita sf., Ljósleiðarinn ehf., Veitur ohf., Orka náttúrunnar ohf., ON Power ohf., Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., Carbfix hf. og Coda Terminal hf. *Sjá nánar ársreikninga í gagnaherbergi.*

Eftirfarandi mynd lýsir væntanlegri uppbyggingu OR samstæðunnar 1. janúar 2023

Væntanleg uppbygging samstæðunnar 1. janúar 2023



Ljósleiðarinn ehf. var stofnað sem einkahlutafélag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur 1. janúar 2007. Hlutverk Ljósleiðarans er að bjóða heimilum og fyrirtækjum aðgang að opnu gagnaflutningskerfi sem gefur kost á háhraða gagnaflutningi með þá sýn að leiðarljósi að háhraða gagnaflutningur auki lífsgæði og samkeppnishæfni íslensks samfélags. Viðskiptavinir eru bæði fyrirtæki og einstaklingar. Félagið veitir einnig öðrum fjarskipta- og veitufélögum þjónustu með aðgengi að fjarskiptakerfi Ljósleiðarans.

Veitur ohf. urðu til við uppskiptingu OR í ársbyrjun 2014. Fyrirtækið starfaði frá stofnun til 1. desember 2015 undir merki Orkuveitu Reykjavíkur. Veitur er stærsta veitufyrirtæki landsins. Veitur sjá um rekstur á OR Vatns- og fráveitu sf. en gagnvart viðskiptavinum koma Veitur fram fyrir hönd OR Vatns- og fráveitu sf. Veitur sjá um uppbyggingu og rekstur veitukerfa. Þær dreifa rafmagni, heitu og köldu vatni, auk þess að reka fráveitur.

OR Vatns- og fráveita sf. sér um uppbyggingu og rekstur lögbundinnar veitubjónustu sveitarfélaga. Daglegur rekstur í umsjón Veitna ohf., en verður á næstu árum fluttur yfir í félagið þó starfsemi félaganna verði áfram samofin.

Orka náttúrunnar ohf. (ON) tók til starfa í ársbyrjun 2014. Fyrirtækið framleiðir og selur rafmagn til landsmanna frá Nesjavallavirkjun og Andakilsárvirkjun. Frá Nesjavalla- og Hellisheiðarvirkjunum (undir ON Power ohf.) á Hengilssvæðinu kemur um helmingurinn af heita vatninu í hitaveituna á höfuðborgarsvæðinu.

ON Power ohf. var stofnað við uppskiptingu á ON árið 2019 þar sem rekstur Hellisheiðarvirkjunar á Hengilssvæðinu fært í sjálfstætt félag. Starfræslugjaldmiðill Orku náttúrunnar er Bandaríkjadalur (USD) þar sem stærstur hluti tekna félagsins er í USD tengd sölu á raforku til Norðurláls.

Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. (ECF) var stofnað árið 2020. Carbfix tæknin spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi. Tilgangur ECF er að halda utan um hugverkaréttindi að baki Carbfix tækninni.

Carbfix hf. var stofnað árið 2022 og er dótturfélag ECF. Núverandi rekstur og framtíðaruppbygging á starfsemi Carbfix var færð til félagsins í ársbyrjun 2023. Unnið er að því að selja fjárfestum nýtt

hlutafé (20-40% eignarhlut) í félaginu til að fjármagna áframhaldandi uppbyggingu á félaginu og fjármagna ný verkefni, s.s. uppbyggingu á kolefnisförgunarstöð í Straumsvík. Meginstarfsemi félagsins felst í varanleg kolefnisförgun í bergi á alþjóðavísu, þ.m.t. uppbygging og rekstur verkefna, tækniþróun og ráðgjöf. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er í evrum (EUR).

Stjórn Carbfix hf. hefur samþykkt að stofna svokallað „Social Purpose Corporation“ félag í Bandaríkjunum. Það var nauðsynlegt til að geta tekið þátt í verkefnum sem styrkt eru af stjórnvöldum (DoE). Engin starfsemi verður í félaginu, a.m.k. til að byrja með og samið hefur verið við bandaríska lögmannsstofu um að halda utan um félagið og vera formlegur tengiliður í Bandaríkjunum.

Coda Terminal hf. var stofnað árið 2022 og er í dag dótturfélag Carbfix hf., en eignarhald á félaginu var fært samhliða sölu á rekstri. Félagið vinnur nú að uppbyggingu á kolefnisförgunarstöð í Straumsvík sem áætlað er að hefji rekstur á árinu 2026. Fram að þeim tímapunkti verður umsjón með uppbyggingunni í höndum Carbfix hf. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er í evrum (EUR).

OR Eignir ohf. er móðurfélag Veitna ohf., Orku náttúrunnar ohf., ON Power ohf. og Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. en félagið er ekki með sjálfstæða starfsemi. OR Eignir er samskattað með dótturfélögum sínum.

3.5.2 Ársreikningur

Sjá ársreikninga í gagnaherbergi.

3.5.3 Uppgjör

Reikningsskilareglur: Orkuveita Reykjavíkur og Ljósleiðarinn ehf. gera reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskila staðla (IFRS) en önnur félög í OR samstæðunni gera reikningsskil sín samkvæmt ársreikningalögum. Carbfix hf. mun gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS frá og með árinu 2023. Í samstæðuársreikningi félagsins má sjá nákvæma umfjöllun um verkefnið og reikningsskilaaðferðir.

Ársreikningur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur er tilbúinn til endurskoðunar 15. febrúar ár hvert og skal endurskoðun lokið fyrir 15. mars ásamt endurskoðunarskýrslu. Innifalið í verkefninu er yfirlstur á enskum ársreikningi samstæðunnar, áritun allra ársreikninga samstæðu, móður- og dótturfélaga auk áritunar vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (e. European Single Electronic Format – ESEF reglur) fyrir OR og Ljósleiðarann. Ársreikningar móðurfélags og dótturfélaga eru tilbúin til endurskoðunar á bilinu 25. janúar til 6. febrúar og skal endurskoðun þeirra lokið þriðja mánudag í febrúar ár hvert ásamt endurskoðunarskýrslum. OR skilar árs- og árshlutareikningum samstæðunnar, móðurfélags og dótturfélaga fullbúnum til endurskoðunar/könnunar. Gögn vegna könnunar/ endurskoðunar árshluta- og ársreiknings eru tilbúin samkvæmt verkefnaskema sem er í gagnaherbergi.

Endurskoðaða skal sérstakt uppgjör vegna dreifiveitu rafmagns sem skilað er til Orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Uppgjörið sem er í formi starfspáttuppgjörs Veitna (rafmagnsdreifing, hitaveita, þjónusta við önnur fyrirtæki innan samstæðu OR) er tilbúið til endurskoðunar 15. apríl. Endurskoðunarfyrirmæli Orkustofnunar eru í gagnaherbergi.

Önnur staðfestingar verkefni:

- Staðfesting vegna fjárhagshluta grænna skuldabréfa OR og Ljósleiðarans
- Staðfesting/endurskoðun á Evrópuverkefnum
- Yfirferð og staðfesting á grunnlýsingu hjá OR og Ljósleiðaranum
- Staðfesting á NIB og EIB fjárhagsskýrðum í lánasamningum (e. Covenants)
- Staðfesting á samfélagslegum- og stjórnháttabáttum í ársskýrslu

- Staðfesting á umhverfispáttum ársskýrslu.
- Staðfesting á yfirlýsingu um vörslufjárreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur sef. til Fjármálaeftirlitsins.
- Staðfesting á ESEF skýrslugjöf á ársreikningi OR samstæðunnar í samræmi við lög nr. 20/20221
- Staðfesting á ESEF skýrslugjöf á ársreikningi Ljósleiðarans í samræmi við lög nr. 20/2021

3.5.4 Upplýsingakerfi

Unit4 er fjárhagskerfi OR samstæðunnar. Í Unit4 er fært fjárhagsbókhald, viðskiptamannabókhald, verkbókhald og kostnaðarbókhald. Þar að auki er birgðabókhald, sölu-, innkaupa- og eignakerfi í Unit4. Unit4 er nýtt nafn á lausn sem áður hét Agresso. Unit4 er norskt kerfi frá fyrirtækinu Unit4. Þjónustuaðili á Íslandi er SP2.

Orkan er reikningagerðakerfi með viðskiptamannabókhalddi, innheimtakerfi, gjaldkerakerfi o.fl. Kerfið er frá Origo sem þjónustar það. Orkan: Viðskiptamannabókhald, reikningakerfi gjaldkerakerfi, innheimtakerfi, heimlagnakerfi. Upplýsingar úr Orkunni eru lesnar vélrænt yfir í fjárhagsbókhald.

H3 laun er mannauðs- og launakerfi. Framleiðandi og þjónustuaðili er Advania. H3 laun: Launa- og mannauðskerfi. Bókanir eru lesnar vélrænt úr launakerfi yfir í fjárhagsbókhald.

AuditSystem/2 (AS/2) er uppgjörskerfi Orkuveitunnar sem er þróað af Deloitte. Í uppgjörskerfinu eru framblöð og aðalbók ásamt vinnuskjöllum. Gert er ráð fyrir að endurskoðendur sækja þau gögn sem þeir þurfa beint í kerfið. Þau vinnugögn sem ekki eru vistuð í AS/2 eru vistuð á sérstakt vinnuvæði í Sharepoint. Stefnt er að því að innleiða nýtt uppgjörskerfi fyrir árslok 2023.

DMM verkbókhalds- og viðhaldsstjórnunarkerfi hjá Veitum og virkjunum ON. Framleiðandi og þjónustuaðili er DMM Lausnir. Upplýsingar eru lesnar vélrænt milli Unit4 og DMM.

Centara kassakerfi er sölukerfi Jarðhitasýningarinnar sem er rekin í Hellisheiðarvirkjun og mótuneyti starfsfólks OR. Framleiðandi og þjónustuaðili er Wise. Upplýsingar eru lesnar vélrænt úr Centara yfir í Unit4.

AGR er innkaupa- og birgðastýringakerfi OR. Upplýsingar í AGR eru lesnar vélrænt úr Unit4. Tillögur að innkaupum eru svo útbúnar í AGR og lesnar vélrænt yfir í Unit4. Framleiðandi og þjónustuaðili er AGR Dynamics.

Prophix er fjárhagsáætlunarkerfi samstæðunnar. Framleiðandi og þjónustuaðili er kanadíska fyrirtækið Prophix, þjónustað frá útibúi í Danmörku.

Integrity er fjárstýringakerfi sem heldur utan um öll lán OR samstæðunnar bæði við erlendar og innlendar lánastofnanir ásamt lánum milli félaga innan samstæðunnar. Einnig eru allir áhættuvarnarsamningar skráðir í kerfið, ávöxtun, gjaldeyrisviðskipti og skráning á eignum í eignastýringu og sjóðum. Kerfið heldur utan um sjóðspott OR samstæðunnar. Allar hreyfingar sem gerðar eru í kerfinu lesnar vélrænt yfir í fjárhagsbókhaldið og er hliðarkerfið við Unit4. Einnig er að hægt að sækja hreyfingar fram í tímann og nýta í fjárhagsáætlunargerð. FIS er framleiðandi og þjónustuaðili á Integrity.

3.5.5 Innra eftirlitskerfi, áhættumat, sjá kafla 4

Innra eftirlitskerfi fyrirtækisins byggir m.a. á stefnum, stjórnunarkerfum og skipulagi áhættustýringar, stjórnarháttanna og eftirlits sem Orkuveitan notar til að tryggja að markmið með rekstrinum náist. Innan fyrirtækisins er starfað í samræmi við skilgreininguna á hinum þremur/fjórum varnarlínunum á innra eftirliti þ.e. í fyrstu varnarlínu eru stjórnendur og starfsmenn

sem sinna daglegri starfsemi, í annarri varnarlínu er til staðar eftirlit stjórnenda s.s. með starfrækslu áhætturáða og stefnuráðs. Í þriðju varnarlínu er svo starfrækt innri endurskoðun, ásamt ytri eftirlits- og úttektaraðilum s.s. heilbrigðiseftirliti.

Stjórn fyrirtækisins hefur sett fyrirtækinu áhættustefnu og hefur falið áhætturáði að framfylgja stefnunni. Áhættur í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur skiptast í; kjarnaáhættu, markaðsáhættu, lausafjáraáhættu, mótaðilaáhættu og rekstraráhættu. Áhættumat er markvisst notað við rekstur Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja hennar.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur er jafnframt endurskoðunarnefnd Orkuveitu Reykjavíkur, Veitna, Orku náttúrunnar, On Power og Ljósleiðarans. Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar annast innri endurskoðun hjá OR og dótturfélögum.

Sjá nánar um hlutverk Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og innri endurskoðunar OR í kafla 4.

3.6 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

3.6.1 Rekstrarform

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum.

Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. er í 60,8% eigu borgarsjóðs.

Byggðasamlagið hefur sérstaka stjórn sem starfar samkvæmt ákvæðum stofnsamnings þess. Hún ræður slökkviliðsstjóra til að annast daglegan rekstur byggðasamlagsins á grundvelli laga, reglna og stefnumótunar stjórnar.

Til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins telst dótturfélagið SHS fasteignir ehf.

Byggðasamlög lúta ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um fjármál, fjárhagsáætlanir og endurskoðun ársreikninga og stjórnsýslueftirlit með þeim.

3.6.2 Ársreikningur

Sjá ársreikninga í gagnaherbergi.

3.6.3 Uppgjör

SHS samstæðan samanstendur af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. og SHS fasteignum ehf. Uppgjör SHS eru samstæðuuppgjör, þ.e. uppgjör Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og SHS fasteigna ehf.

Árshlutauppgjör eru lögð fyrir stjórn á þriggja mánaða fresti til samþykktar, sem og ársuppgjör.

Reikningsskilareglur: Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglum settum samkvæmt þeim lögum, svo og með hliðsjón af sveitarstjórnarlögum.

Ársreikningur er tilbúinn til endurskoðunar 15. febrúar ár hvert og skal endurskoðun lokið innan eins mánaðar frá þeim tímamörkum.

3.6.4 Upplýsingakerfi

SHS notar Business Central (BC) fjárhags- og viðskiptamannabókhaldskerfi, H3 launakerfi og

Mytimeplan (MTP) tímaskráningarkerfi. MTP var tekið upp 1. október 2022 hjá vaktavinnufólki SHS og leysir af eldra tímaskráningarkerfi Vaka. Upplýsingar úr MTP og Vaka eru keyrðar yfir í H3.

3.6.5 Innra eftirlitskerfi, áhættumat, sjá nánar kafla 4

Á fjármálasviði SHS starfa þrír starfsmenn, auk fjármálastjóra. Launafulltrúi sem sinnir jafnframt gjaldkerastörfum og tveir bókarar, þ.e. bókarar (lánadrottinn) og bókarar (viðskiptamenn). Bókarar (viðskiptamenn) ber jafnframt ábyrgð á innheimtu og sjóðsbókun.

Bókarar leysa hvorn annan af, þ.e. bókarar og útgáfa reikninga, bókarar greiðslna og afstemming bankareikninga. Önnur verkefni færast á fjármálastjóra nema annað sé ákveðið sérstaklega.

Bókarar (viðskiptamanna) leysir launafulltrúa af hvað varðar launavinnslu, en fjármálastjóri sér um að greiða reikninga. Önnur verkefni færast á fjármálastjóra nema annað sé ákveðið sérstaklega.

Verkferlar fjármálasviðs eru ítarlega unnir með skilgreindum tilgangi og áhættumati og tilgreindu eftirliti. Upplýsingar um markmið, ábyrgð og framkvæmd innra eftirlits koma fram í verkferlaskjali sem starfsmenn fjármálasviðs hafa til hliðsjónar við störf sín. Í því skjali eru allir þeir verkferlar sem í gildi eru á sviðinu, m.a. um gerð reikningsskila, sem og verkferlar vegna fjárfestinga og innra eftirlits. Ferlarnir eru uppfærðir reglulega.

Fjármálastjóri vinnur fjárhagsáætlanir í samstarfi við slökkviliðsstjóra og aðra sviðsstjóra SHS. Fjármálastjóri ásamt öðrum starfsmönnum fjármálasviðs vinna uppgjörin.

PWC eru til ráðgjafar við innra eftirlit. Árlega leggur PWC í samvinu við fjármálastjóra fram tillögu að verkefnaáætlun sem er yfirfarin og samþykkt af slökkviliðsstjóra.

Fjármálastjóri og slökkviliðsstjóri funda að lágmarki 2x í mánuði, þar sem farið er yfir helstu þætti í fjármálum SHS samstæðunnar, áhættuþætti, fjárfestingar og frávík frá samþykktari fjárhagsáætlun.

Stjórn SHS samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir. Hún fer yfir og samþykkir uppgjör og greiningu frávika frá fjárhagsáætlun ársfjórðungslega. Hún hefur þannig eftirlit með rekstri byggðasamlagsins, skv. stofnsamningi, og sér um að lögum, reglugerðum, samþykktum og markaðri stefnu byggðasamlagsins sé fylgt, jafnframt því að gæta þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur er jafnframt endurskoðunarnefnd Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar sér um innri endurskoðun, en í því felst m.a. að leggja mat á virkni innra eftirlits. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur gefið út skýrslu um mat á innra eftirliti Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins skv. COSO skilgreiningu.

3.7 Sorpa bs.

3.7.1 Rekstrarform

Árið 1988 var byggðasamlagið SORPA stofnað. Eigendur SORPU eru í dag 6 sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. SORPA er 58,3% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrennasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. SORPA annast móttöku úrgangs, endurvinnslu, endurnot og förgun úrgangs fyrir íbúa og fyrirtæki á starfssvæðinu. Að auki rekur samlagið endurvinnslustöðvar og grenndargáma fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna með sérstökum þjónustusamningi þar um.

Byggðasamlög lúta ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um fjármál, fjárhagsáætlanir og endurskoðun ársreikninga og stjórnsýslueftirlit með þeim.

3.7.2 Ársreikningur

Sjá ársreikninga í gagnaherbergi.

3.7.3 Uppgjör

SORPA er vottuð samkvæmt gæðastaðli ISO 9001 og fylgir uppgjör verklagsreglum og leiðbeiningum gæðahandbókar. Farið er yfir innri ferla með endurskoðanda í upphafi uppgjörstímabila.

Reikningsskilareglur: Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglum settum samkvæmt þeim lögum, svo og með hliðsjón af sveitarstjórnarlögum.

Ársreikningur er tilbúinn til endurskoðunar 15. febrúar ár hvert og skal endurskoðun lokið innan eins mánaðar frá þeim tímamörkum.

3.7.4 Upplýsingakerfi

Upplýsingakerfi SORPU er Business Central, útgáfa 2022.

3.7.5 Innra eftirlitskerfi, áhættumat sjá nánar kafla 4

Verklagsreglur og leiðbeiningar gæðahandbókar SORPU eiga að tryggja innra eftirlit. Vísast til ISO 9001 en vottunaraðilar koma hér í eftirlit tvisvar á ári. Innri úttektarteymi starfsmanna úr öðrum deildum, sem hafa fengið til þess þjálfun, gerir úttekt tvisvar á ári. Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir samanburð á rekstri og áætlun á þriggja mánaða fresti á stjórnarfundum og oftast ef eitthvað sérstakt kemur upp. Farið er yfir innri ferla með endurskoðanda í upphafi uppgjóra.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd SORPU og sér PwC á Íslandi um innri endurskoðun SORPU. PwC hefur gefið út skýrslu um mat á innra eftirliti SORPU skv. COSO skilgreiningu. Sjá kafla 4

3.8 Strætó bs.

3.8.1 Rekstrarform

Strætó bs. er í 60,3% eigu Reykjavíkurborgar. Aðrir eigendur eru Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi. Fulltrúinn skal vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir.

Byggðasamlög lúta ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um fjármál, fjárhagsáætlanir og endurskoðun ársreikninga og stjórnsýslueftirlit með þeim.

3.8.2 Ársreikningur

Sjá ársreikninga í gagnaherbergi.

3.8.3 Uppgjör

Reikningsskilareglur: Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglum settum samkvæmt þeim lögum, svo og með hliðsjón af sveitarstjórnarlögum.

3.8.4 Upplýsingakerfi

Fjárhagsbókhald Strætó bs. er Business Central (BC). Grettir er birgða- og verkbókhald, Bókanir í birgðabókhaldskerfi Grettir er lesið vélrænt yfir í BC.

Tímaskráningarkerfi er Trapize- Duty Manager.

H3 laun er mannauðs- og launakerfi. Tímaskráning úr Trapize er lesið vélrænt inní H3 launabókhald. Keyrsla úr H3 launakerfi er síðan lesið inn í BC vélrænt.

3.8.5 Innra eftirlitskerfi, áhættumat

Allir helstu verkferlar á fjármálasviði hafa verið skráðir, ásamt áhættum sem felast í starfseminni.

Í samræmi við eigendastefnu er Strætó með áhættustefnu sem gerir ráð fyrir að farið sé í reglulega í gegnum áhættumat á lykiláættupáttum í starfsemi Strætó sem lagt er fyrir stjórn amk árlega.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd Strætó og sér Deloitte um innri endurskoðun Strætó. Deloitte hefur gefið út skýrslu um mat á innra eftirliti hjá Strætó skv. COSO skilgreiningu. Sjá kafla 4

3.9 Hlutdeildarfyrirtæki

3.9.1 Harpa – tónlistar-og ráðstefnuhús ohf.

Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. Hlutverk hússins er jafnframt að vera miðstöð mannlífs fyrir alla landsmenn í miðborg Reykjavíkur og áfangastaður ferðamanna innlendra og erlendra sem vilja kynna sér bygginguna, þjónustu í henni og arkitektúr og listaverk í húsinu. Eignarhlutdeild Reykjavíkurborgar er 46%.

3.9.2 Minjavernd hf

Sérhæft félag sem hefur það markmið að "*stuðla að varðveislu mannvirkja og mannvistarleyfa hvarvetna á Íslandi*". Eignarhlutur Reykjavíkurborgar er 38,27%.

4. Innra eftirlitskerfi Reykjavíkurborgar og þeirra fyrirtækja sem eiga aðild að útboðinu

Í kafla 4 verður gerð grein fyrir þeim gögnum sem fyrir hendi eru hjá einstökum rekstrareiningum innan samstæðunnar sem útboðið nær til og varða innri eftirlitskerfi með áreiðanleika reikningsskila og hlítini við lög og reglur sem um starfsemi þeirra gilda. Endurskoðunarnefnd hefur lagt áherslu á að fyrir liggi skráður og áhættumetinn ferill hvað varðar uppgjör og hefur falið innri endurskoðun að gera úttektir á þessu. Úttektir sem gerðar hafa verið á uppgjörferlum hjá A hluta og fyrirtækjum innan B hluta er að finna í gagnaherbergi.


4.1.1 Almennt um innri eftirlitskerfi samstæðu Reykjavíkurborgar

Sameiginleg markmið allra stofnana og fyrirtækja borgarinnar má flokka með sama hætti og gert er í alþjóðlega viðurkenndum ramma um innra eftirlit (COSO Internal Control Framework):

- Árangur og skilvirkni rekstrar
- Áreiðanleg reikningsskil
- Hlítini við lög og reglur
- Tryggja rekstraröryggi upplýsingakerfa og leynd gagna

Starfsreglur og gæðahandbækur sem fyrir eru hjá hinum ýmsu rekstrareiningum innan samstæðu borgarinnar miða að því með einum eða öðrum hætti að ofangreindum markmiðum verði náð. Eðli máls samkvæmt eru slíkar reglur, handbækur og ferillýsingar í stöðugri þróun enda þurfa þær að taka mið af síbreytilegri starfsemi borgarinnar og fyrirtækja hennar.

Í grunninn er umgjörð innra eftirlits hjá Reykjavíkurborg og dótturfyrirtækjum byggð upp í samræmi við þriggja þrepa líkan alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (IIA) eins og lýst er á myndinni hér að neðan.



Þessi uppbygging felur í sér að mikilvægum upplýsingum er varða innra eftirlit er safnað saman og miðlað áfram til stjórnenda, endurskoðunarnefndar og borgarráðs/borgarstjórnar eða

viðkomandi stjórnar. Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar sér um innri endurskoðun fyrir Reykjavíkurborg, en í því felst m.a. að leggja mat á virkni innra eftirlits. Innri endurskoðun og ráðgjöf gefur reglulega út skýrslu um mat á eftirlitsumhverfinu þar sem fjallað er um stöðu stjórnarhátta, innra eftirlits og áhættustýringar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar.

Sett hefur verið upp gagnaherbergi á inn á útboðsvef Reykjavíkur. Í gagnaherbergi eru til staðar upplýsingar og gögn sem bjóðendum eru aðgengileg.

4.1.2 Hlutverk og störf endurskoðunarnefndar

Reykjavíkurborg hefur skipað endurskoðunarnefnd skv. 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Hlutverk endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er skilgreint í samþykkt hennar og gegnir hún samsvarandi hlutverki gagnvart samstæðu borgarinnar og einstökum B hluta félögum innan samstæðunnar. Nefndin starfar samkvæmt IX. kafla A. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og samkvæmt samþykktum frá 10. júlí 2014. Endurskoðunarnefnd skal meðal annars gegna eftirfarandi verkefnum:

- Eftirliti með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Eftirliti með endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðureiknings A- og B-hluta.
- Mat á óhæði ytri endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum þeirra fyrir Reykjavíkurborg
- Setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og að ráðningu innri endurskoðanda.

Nánari útfærsla á störfum nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar sem eru uppfærðar árlega. Samþykkt, starfsreglur og skýrsla endurskoðunarnefndar árið 2017 ásamt fleiri gögnum eru í gagnaherbergi útboðsins.

4.1.3 Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) starfar samkvæmt samþykkt borgarstjórnar frá 15. júní 2021 eru kjarnaverkefni skrifstofunnar innri endurskoðun, ráðgjöf við borgarbúa og persónuvernd.

Viðfangsefni fagsviðs ráðgjafar er að taka við erindum frá borgarbúum og vera þeim til ráðgjafar og leiðbeina þeim í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á sér hafi verið brotið. Eins hefur fagsvið ráðgjafar það hlutverk að fræða starfsmenn borgarinnar og leiðbeina þeim m.a. um meginreglur stjórnsýslulaga.

Verkefni á sviði innri endurskoðunar má flokka í staðfestingarvinnu annars vegar og ráðgjafarþjónustu hins vegar. Viðfangsefnin ná m.a. til fjárhagsendurskoðunar, stjórnsýsluendurskoðunar og endurskoðunar upplýsingakerfa. Innri endurskoðun veitir stjórnendum faglega ráðgjöf og annast innri endurskoðun sem er hluti af innra stjórnendaeftirliti Reykjavíkurborgar.

Persónuverndarfulltrúi hefur eftirlit með reglufylgni vegna persónuverndar og veitir starfsfólki Reykjavíkurborgar ráðgjöf í því skyni að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fari fram í samræmi við lög og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar. Til þess þarf persónuverndarfulltrúi að kalla eftir upplýsingum til að greina vinnslustarfsemi Reykjavíkurborgar og veita upplýsingar og ráðgjöf, ásamt því að gera tillögur um úrbætur innan stjórnsýslunnar á sviði vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. á sviði upplýsingaöryggis. Persónuverndarfulltrúi sinnir jafnframt fræðsluhlutverki gagnvart starfsfólki borgarinnar.

Innri endurskoðun og ráðgjöf tekur á móti gögnum og upplýsingum um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi, bæði frá nafnlausum tilkynnendum og uppljóstrum, og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.

Fagsviðin hjá IER starfa samkvæmt erindisbréfum sem endurskoðunarnefnd hefur samþykkt og var erindisbréf fagsviðs innri endurskoðunar samþykkt á fundi nefndarinnar 1. júní 2022.

Starfssvið Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar nær til A hluta Reykjavíkurborgar, eins og hann er afmarkaður í 1. tölul. 1. mgr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að því marki sem A hlutinn ber ábyrgð á B hlutanum, eins og hann er afmarkaður í 2. tölul. sömu gr., nær starfssviðið einnig til allrar samstæðu borgarinnar.

Þá getur innri endurskoðandi gert samninga um einstök verkefni við stofnanir, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem tilheyra B hlutanum og í sérstökum tilfellum einnig við félög sem Reykjavíkurborg á minnihluta í.

Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur gert samninga um innri endurskoðunarþjónustu hjá Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Malbikunarstöðinni Höfða, Orkuveitu Reykjavíkur og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins en hjá Sorpu bs og Strætó bs, er innri endurskoðun útvistað.

Nánari upplýsingar um störf skrifstofunnar má finna í gagnaherbergi útboðsins.

4.1.4 Innri eftirlitskerfi með gerð fjárhagsupplýsinga A-hluta og einstakra B-hluta félaga

4.1.4.1 Innri eftirlitskerfi með gerð fjárhagsupplýsinga A-hluta

Fjármálaskrifstofa hefur sett sér gæðastefnu og innleitt gæðahandbók (rekstrarhandbók) með verkferlalýsingum og verklagsreglum sem miða að því að miðla upplýsingum um lög, reglur og samþykktir sem varða fjármálaferla og tryggja samræmt verklag við gerð fjárhagsupplýsinga Fjármálaskrifstofu, sjá gagnaherbergi. Handbókin er í stöðugri endurskoðun eðli máls samkvæmt.

Fjármálaskrifstofa hefur unnið áhættumat vegna helstu verkefna skrifstofunnar í samstarfi við og undir handleiðslu Innri endurskoðunar. Ýmis umbótaverkefni eru afurðir þessa verkefnis sem ýmist er lokið eða vel á veg komin, sjá gagnaherbergi.

Samstæðuuppgjör- og áætlanagerfi Reykjavíkurborgar er UNIT4 FPM, sem heldur utan um samstæðuuppgjör og samstæðuáætlanir Reykjavíkurborgar. Búið er að innleiða skuldabréfakerfi Microsoft dynamics NAV í fjárstýringardeild. Kerfið heldur utan um skuldabréfakröfur aðalsjóðs, skuldir aðalsjóðs og eignasjóðs sem og skuldabréf á milli sjóðanna. Unnið er að því að koma skuldabréfakröfum eignasjóðs inn í kerfið. Mánaðarlega eru skuldabréfinakerfið í kerfinu reiknað upp og bókunarruna send yfir í Unit4 Agresso til bókunar. Einnig má taka út nokkrar gerðir af skýrslum úr kerfinu.

4.1.4.2 Meðferð gagna og trúnaður um notkun á gagnaherberginu

Aðgangur notenda að gagnaherberginu takmarkast við útboðstímabilið, þ.e. aðgangi verður lokað þegar opnun tilboða hefur farið fram.

Verði bjóðendur uppvísir við því að brjóta gegn trúnaði getur það leitt til útilokunar frá útboðinu.

Útfyllta og undirritaða trúnaðaryfirlýsingu skal senda á netfangið utbod@reykjavik.is.



5. Tilboðsbók

Meðfylgjandi útboðsgögnum er excel skjal sem inniheldur tilboðsblað og tilboðsskrá. Bjóðandi skal fylla út og undirrita tilboðsblað og tilboðsskrá og skila inn skönnuðu afriti með tilboði sínu á útboðsvef innkaupadeildar. Bjóðandi skal einnig skila inn rafrænu afriti af tilboðsbók.

Bjóðendur eiga ekki að breyta tilboðsskránni með neinum hætti, þ.e. bæta inn línum eða eiga við texta og tölur. Einungis skal fylla inn þær upplýsingar sem óskað er eftir í tilboðsskrá. Þegar bjóðandi hefur fyllt inn tilboðsverð reiknar tilboðsbókin út heildar tilboðsverð viðkomandi hluta og færir á tilboðsblað.

6. Trúnaðaryfirlýsing

Yfirlýsing um trúnað vegna útboðs nr. 15695 um endurskoðunarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg og tengda aðila.

Ég, undirrituð/undirritaður lýsi því hér með yfir að ég er bundin(n) trúnaðar- og þagnarskyldu um þær upplýsingar sem ég fæ aðgang að í tengslum við útboð Reykjavíkurborgar á endurskoðunarþjónustu. Trúnaðar- og þagnarskyldan nær til allra upplýsinga sem mér eru veittar og ég afla með skoðun gagna í tengslum við útboðið, hvort sem um er að ræða fjárhagslegar, tæknilegar, persónulegar eða aðrar upplýsingar um samstæðu Reykjavíkurborgar, A-hluta eða einstök dótturfélög.

Þá er mér ljóst að mér er óheimilt að afla mér upplýsinga um viðskiptavini þeirra rekstraraðila sem útboðið nær til og notendur þjónustu þeirra sem eru mér ekki nauðsynlegar starfs míns vegna í tengslum við útboðið.

Ég hef kynnt mér ákvæði um meðferð gagna í kafla 4.1.4.2. útboðsgögnum nr. 15695.

Enn fremur heiti ég fullum trúnaði um allar þær upplýsingar sem mér ber að gæta trúnaðar um skv. lögum og reglum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þessi þagnarskylda helst óbreytt eftir að útboði á ytri endurskoðun lýkur.

Nafn stafsmanns:	
Kennitala stafsmanns:	
Sími starfsmanns:	
Netfang stafsmanns:	
Nafn fyrirtækis:	
Kennitala fyrirtækis:	



7. Gátlisti fylgigagna

Eftirfarandi gögn og/eða upplýsingar skulu fylgja tilboði bjóðanda:

- ☐ Útfyllt og undirritað tilboðsblað, sbr. tilboðsbók kafla. 5
- ☐ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá, sbr. tilboðsbók kafla. 5.